

29. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps , Végarði 01.10 2019 , Végarði kl. 15:00

Mættir voru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Lárus Heiðarsson. Jóhann F. Þórhallsson boðaði forföll og mætti Gunnar Gunnarsson 2. varamaður í hans stað.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Samfélagsverkefnið Fögur framtíð í Fljótshreppi

- a) Drög að samningi við Austurbrú
- b) Drög að uppfærðu erindisbréfi samfélagsnefndar

2. Viðauki við fjárhagsáætlun 2019

3. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga 2019 og aðgerðaráætlun 2019-2023

- a) Fundur minni sveitarfélaga 05.09 2019
- b) Samþykkt stjórnartillaga á aukalandsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 06.09 2019

4. Laugarfell

5. Gistihús við Végarð

Sigríður H. Stefánsdóttir dags. 27.09 2019

6. Bréf

- a) Atvinnu-og nýsköpunarráðuneytið dags. 03.09 2019
- b) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 26.06 2019
- c) Tré lífsins dags. 20.09 2019
- d) Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 18.09 2019
- e) Persónuvernd dags. 26.08 2019

7. Fjárbeiðnir

- a) Ungt Austurland
- b) Ferðafélag Fljótshrepps
- c) SSÁ

8. Umhverfisstyrkir

Hjörtur E. Kjerúlf, Hrafnkelsstöðum

9. Fundargerðir

- a) Samgöngunefnd SSA 09.09 2019
- b) Minjasafn Austurlands 05.09 2019, ásamt fjárhagsáætlun safnsins 2020
- c) HAUST 03.09 2019
- d) Samtök Orkusveitarfélaga 23.08 2019
- e) Fulltrúaráð EBÍ 20.09 2019
- f) Hengifosshópur 26.09 2019

10. Skýrsla oddvita

11. Önnur mál

1. Samfélagsverkefnið Fögur framtíð í Fljótsdal

- a) Drög að samningi við Austurbrú

Kynnt drög að samningi við Austurbrú vegna umsýslu verkefnisins Fögur framtíð í Fljótsdal. Oddvita falið að ljúka samningsgerð.

- b) Drög að uppfærðu erindisbréfi Samfélagsnefndar

Drögin samþykkt.

2. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2019

Um er að ræða breytingar á tekjum að upphæð 93,6 millj og breyting á gjöldum að upphæð kr. 23,3 millj. Niðurstaða er aukning á handbæru fé 70,3 millj. Viðauki samþykktur.

3. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga 2019 og aðgerðaráætlun 2019-2023

- a) Fundur minni sveitarfélaga 05.09 2019. Fundargerð kynnt, Vegna vélarbilun í flugvél náði oddviti ekki að sitja fundinn.
- b) Samþykkt stjórnartillaga á aukalandsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 06.09 2019

Kynnt. Fram fóru umræður um lögbvingaða sameiningu sveitarfélaga og sveitarstjórn áréttar andstöðu sína við lögbvingun.

4. Laugarfell

Leigjendur Laugafells hafa sagt upp leigusamningi og rennur hann út á áramótum. Leigjendur hafa lagt fram lista yfir lausafjármuni sem þau hafa keypt til rekstursins, einnig er upptaldar á listanum ýmsar endurbætur. Byggingarfulltrúi og oddviti fara í úttektarferð á húsinu 2. október. Sveitarstjórn er sammála um að auglýsa gistihúsið til leigu. Oddvita falið að hafa samband við fasteignasala um að annast auglýsingu og umsóknarfrestur verður til 1.

nóvember. Við val á rekstraraðilum verður meðal annars horft til hugmynda þeirra um rekstur og markaðsetningu svæðisins.

5. Gistihús við Végarð

Sigríður H. Stefánsdóttir dags. 27.09 2019

Anna Jóna vakti athygli á mögulegu vanhæfi oddvita. Greidd voru atkvæði um vanhæfi oddvita í málinu og niðurstaðan var sú að hann væri vanhæfur. Varaoddvita var falin fundarstjórn og oddviti vék af fundi.

Varaoddvita falið að fara yfir leigusamning með lögfræðingi sveitarfélagsins og hafa samband við bréfitara vegna málsins.

Oddviti kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn

6. Bréf

- a) Atvinnu-og nýsköpunarráðuneytið dags. 03.09 2019

Upplýsingabeiðni vegna skýrslu um samkeppnisrekstur opinberra aðila. Kynnt.

- b) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 26.06 2019

Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. Kynnt, ákvörðun um þáttöku tekin síðar.

- c) Tré lífsins dags. 20.09 2019

Varðar minningargarða. Kynnt.

- d) Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 18.09 2019

Boðun á ársfund Jöfnunarsjóðs veitarfélaga 2. október. Kynnt.

- e) Persónuvernd dags. 26.08 2019

Úttekt persónuverndar á tilnefningu persónuverndarfulltrúa. Kynnt. Persónuvernd hefur lokið athugun .

7. Fjárbeiðnir

- a) Ungt Austurland

Samþykkt að styrkja félagið um 25.000 kr..

- b) Ferðafélag Fljótsdalshérað

Samþykkt að styrkja ferðafélagið um 15.000 kr vegna Perluleiks.

- c) SSÁ

Samþykkt að styrkja málefnið um 15.000 kr..

8. Umhverfisstyrkir

Hjörtur E. Kjerúlf, Hrafnkelsstöðum

Samþykktur hámarksstyrkur.

9. Fundargerðir

a) Samgöngunefnd SSA 09.09 2019

Kynnt.

b) Minjasafn Austurlands 05.09 2019, ásamt fjárhagsáætlun safnsins 2020

Fundargerð kynnt , fjárhagsáætlun vísað til fjárhagsáætlunargerðar sveitarfélagsins.

c) HAUST 03.09 2019

Kynnt.

d) Samtök Orkusveitarfélaga 23.08 2019

Kynnt.

e) Fulltrúaráð EBÍ 20.09 2019

Kynnt.

f) Hengifosshópur 26.09 2019

Fullnaðarhönnun þjónustuhúss er langt komin og verið er að vinna að umsókn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.6,

10. Skýrsla oddvita

Orkusjóður auglýsir styrki sem leiða eiga til lægri kostnaðar við óniðurgreidda rafkyndingu húsnæðis og mannvirkja í eigu sveitarfélaga.

Austurbrú hefur hafið vinnu við verkefni sem þau nefna „ Matarauður Austurlands“ , óskað er eftir að fá að kynna verkefnið fyrir sveitarfélögum og óskað samstarfs um gagnasöfnun.

Eldvarnareftirlitsskoðun á félagsheimilinu Végarði fór fram í byrjun september og stóðst húsið skoðun.

Endurskoðandi Skógarorku ehf óskaði eftir og fékk leyfi stjórnar til að senda inn til ársreikningaskrár RSK ársreikning félagsins fyrir árið 2018. Ekki hefur verið gengið í að gera félagið upp, en engin starfsemi er lengur í því og eignir hafa verið seldar. Fljótsdalshreppur á 24,9 % í félaginu.

11. Önnur mál

- a) Tilnefndir aðal- og varafulltrúi Fljótsdalshrepps, Lárus og Jóhann hafa hvorugur tók á að sitja haustþing SSA á Borgarfirði 11.-12 október. Samþykkt að Gunnþórunn fari með atkvæðarétt sveitarfélagsins og athugað verði með varamann.
- b) Eiríkur sagði frá að byggingarfulltrúi, byggingarnefnd og hluti sveitarstjórnarmanna fóru í skoðunar og kynnisferð í Fjallaskarð, Hrakströnd, Laugafell og skoðuðu að auki nýlagðan línuveg meðfram Kröflulínu. Byggingarfulltrúa hefur verið falið að vinna kostnaðar- og framkvæmdaráætlun vegna endurbóta á Hrakstrandarkofa og hestúsi og gömlun smalakofa í Fjallaskarði. Áætlun verður lögð fram við fjárhagsáætlunargerð.
- c) Varðandi ósk sveitarstjórnar um að búnaðarfélagið kallaði saman fund til að kanna áhuga bænda á byggingu iðnarhúsnæðis og notum á því, svarar búnaðarfélagið því til að það telji eðlilegt að sveitarstjórn kynni íbúum hugmyndina og bendir jafnframt á að það geti verið heppilegt fyrir nýjan verkefnisstjóra hreppsins að sjá um kynninguna. Oddviti mun hafa samband við formann samfélagsnefndar og ræða um hvort nefndin taki málið upp á sína arma.
- d) Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Gunnar Gunnarsson hittu þingmenn kjördæmisins á Egilsstöðum fyrir fund sveitarstjórnar. Rætt var m.a. um fjárframlög til skógræktar, fjölmiðlafrumvarpið, sameiningarmál, nýtt frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga, íslensku sauðkindina og styrki Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vegna Hengifoss.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 20:40

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Gunnar Gunnarsson (sign)